

# HÉRAÐSSAKSÓKNARI

## Ársskýrsla 2019





## EFNISYFIRLIT

<b>Ávarp forstöðumanns</b>	<b>2</b>
<b>1. Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>2. Hlutverk og verkefni héraðssaksóknara</b>	<b>4</b>
<b>3. Upplýsingamiðlun og samstarf</b>	<b>5</b>
<b>4. Umfjöllun um helstu verkefni starfssviða</b>	<b>6</b>
<b>5. Umfjöllun um helstu markmið starfssviða</b>	<b>7</b>
<b>6. Almenn umfjöllun um markmið, áherslur og árangursmat</b>	<b>9</b>
6.1 Áherslur og aðgerðir	9
6.2 Stytting málsmeðferðartíma og málshraðamarkmið.	9
6.3 Fjöldi ákæruskjala.	9
6.4 Tölfræði og verkefni rannsóknarsviðs	10
6.5 Alþjóðleg samvinna á sviði sakamála.	11
6.6 Aukin menntun og þjálfun ákæranda og rannsakenda.	12
6.7 Markmið um fjárhagslegan rekstur	12
<b>7. Umfjöllun um netbrot</b>	<b>13</b>
<b>8. Verkefni skrifstofu fjármálagreininga lögreglu</b>	<b>16</b>
8.1 Fjórða úttekt FATF á fjármálakerfi og vörnum Íslands vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka	17
<b>9. Rekstur embættisins</b>	<b>18</b>
9.1 Mannauðsmál	18
9.2 Húsnæði	19
9.3 Verkefni um græn skref í ríkisrekstri	19
9.4 Fjárheimildir og útgjöld	20
<b>Lokaorð</b>	<b>21</b>

## Ávarp forstöðumanns

Ársskýrsla embættis héraðssaksóknara vegna starfsársins 2019 lítur nú dagsins ljós. Er hún þriðja ársskýrslan sem embættið gefur út. Starfsárið 2019 gekk vel hjá embættinu.



**Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari**

Líkt og fyrri ár voru mörg sakamál til meðferðar á báðum saksóknarsviðum embættisins og fjöldamargar og viðamiklar rannsóknir á rannsóknarsviði. Þá hefur starfsemi skrifstofu fjármálagreininga lögreglu eflst til muna, stöðugildum fjölgað, verkefni orðið umfangsmeiri og unnið var markvisst að því að bæta tækjabúnað á árinu 2019. Mjög viðamikil fjórða úttekt FATF-samtakanna á íslensku fjármála- og eftirlitskerfi fór fram á árinu og skrifstofan var þar mikilvægur þátttakandi. Varð niðurstaða úttektarinnar m.a. sú að Ísland var sett á gráan lista samtakanna, en nánar er fjallað um úttektina síðar í þessari skýrslu. Þá hefur embættið átt í margvíslegu og mikilvægu samstarfi á árinu við systurstofnanir á vettvangi lögreglu og ákærvalds, bæði héraðs sem og erlendis. Hápunkturinn á þeim vettvangi má segja að hafi verið norræn efnahagsbrotaráðstefna sem embættið skipulagði, stjórnaði og hélt í Vestmannaeyjum í lok ágústmánaðar. Heppnaðist hún afar vel. Á slíkum ráðstefnum sem Norðurlöndin halda árlega gefst einstakt tækifæri á að bera saman bækur, miðla reynslu og læra einnig af reynslu annarra þjóða sem rannsaka og saksækja alvarleg fjármuna- og efnahagsbrot. Fjárhagslegur rekstur embættisins hefur verið í góðu horfi, nauðsynlegs aðhalds verið gætt og öll áætlanagerð og markmiðssetning verið með ágætum. Þá hafa ný verkefni á sviði stjórnsýslu og rekstrar verið fyrirferðarmikil og var í árslok ákveðið að breyta rekstrarsviði embættisins yfir í rekstrar- og stjórnsýslusvið. Langstærsta verkefnið á þeim vettvangi var innleiðing á jafnlaunakerfi og hlaut héraðssaksóknari jafnlaunavottun í októberlok. Þá hlaut embættið einnig fyrsta græna skrefið um svipað leyti. Nánari umfjöllun um verkefni sviða embættisins og mat á árangri af starfsemi ársins 2019 út frá settum markmiðum, árangursmælikvörðum, tölfræðiupplýsingum o.fl. er að finna í skýrslunni. Líkt og áður er slík markmiðssetning, árangursmat og mælingar ákveðið þróunarverkefni sem endurskoðað er eftir þörfum. Þá er einnig að finna stutta efnisumfjöllun um netbrot í skýrslunni. Er það von mín að skýrslan vekji áhuga og gefi góða innsýn í verkefni og árangur af starfsemi embættis héraðssaksóknara 2019.

## 1. Inngangur

Héraðssaksóknari er undirstofnun dómsmálaráðuneytisins og fer með ákærvald á öllu landinu. Sem handhafi ákærvalds heyrir héraðssaksóknari undir embætti ríkissaksóknara sem er æðsti handhafi ákærvalds í landinu og getur gefið héraðssaksóknara bindandi fyrirmæli er varða meðferð mála. Að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við fyrirmæli ríkissaksóknara getur héraðssaksóknari gefið lögreglustjórum fyrirmæli um frekari rannsókn einstakra mála sem lögreglustjórar hafa sent héraðssaksóknara til ákvörðunar um saksókn, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni.

Héraðssaksóknari hefur sett sér markmið er lúta að verkefnum og rekstri embættisins. Þá gerir embættið dómsmálaráðuneytinu og embætti ríkissaksóknara skil á markmiðssetningu og áætlanagerð er varðar starfsemina og leitast er við að leggja mat á árangur eftir því sem unnt er.

## 2. Hlutverk og verkefni héraðssaksóknara

Héraðssaksóknari fer með ákærvald og rannsóknir skatta- og efnahagsbrota og skal vinna að endurheimt og upptöku ólögmæts ávinnings af hvers kyns refsiverðri háttsemi í tengslum við lögreglurannsóknir í landinu. Embættið fer með ákærvald vegna brota gegn ákvæðum almennra hegningarlaga, svo sem kynferðisbrota, meiriháttar fíkniefnamála, meiriháttar líkamsmeiðinga, manndráps af ásetningi og gáleysi, brota í opinberu starfi, almannahættubrota og frelssisviptingar. Héraðssaksóknari rannsakar einnig mál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot við framkvæmd starfa þeirra, annarra en starfsmanna héraðssaksóknara, en slík mál eru á forræði ríkissaksóknara. Þá fer embættið með rannsóknir brota gegn valdstjórninni og annast starfsemi skrifstofu fjármálagreininga lögreglu líkt og áður greinir. Margvísleg önnur verkefni eru á könnu embættisins, svo sem innra starf, fjármál og rekstur, almenn stjórnarsýslustörf og samstarf við ráðuneyti, aðrar stofnanir og aðila, héraðs sem erlendis.

Kjarnastarfsemi embættisins er meðferð ákærvalds og saksóknarmeðferð sakamála, annarra en þeirra sem lögreglustjórar og ríkissaksóknari fara með lögum samkvæmt, svo og einnig rannsóknir alvarlegra fjármuna- og efnahagsbrota, brota gegn valdstjórninni og brota starfsmanna lögreglu. Vinna varðandi stjórnarsýslu, starfsmannamál, vinnuumhverfi, tölvu- og tæknimál og fjármál og rekstur styður við kjarnastarfsemi embættisins.

Skipurit héraðssaksóknara eins og það var í árslok 2019.



Skipurit embættis

### 3. Upplýsingamiðlun og samstarf

Ákvæði laga um meðferð sakamála, stjórnslu- og upplýsingalaga, laga um persónuvernd, lögreglulaga og fyrirmæli ríkissaksóknara gilda um miðlun gagna og upplýsinga vegna verkefna héraðssaksóknara.

Héraðssaksóknari leitast við að eiga sem best samstarf við fjölmiðla og veita upplýsingar eftir því sem lög og reglur heimila.

Embætti héraðssaksóknara á samstarf við fjölmargar stofnanir og aðila innan marka þeirra lagaheimilda sem um embættið og starfsemi þess gilda. Þá er embættið einnig virkt í margvíslegu erlendu samstarfi á vettvangi Norðurlanda, Evrópu- og alþjóðasamstarfs er varðar hlutverk, ábyrgð og verkefni lögreglu og ákærvalds en um það er fjallað nánar í kafla 6.1.5. Héraðssaksóknari á jafnframt mikilvægt og gott samstarf við aðrar löggæslu- og réttarvörslustofnanir hér á landi og miðlar og nýtur sérfræðikunnáttu eftir því sem rannsóknarverkefni krefjast að teknu tilliti til lagalegs áskilnaðar.

Árlega á embættið sérstakan fund með embætti ríkissaksóknara þar sem m.a. gefast tækifæri á að ræða markmiðssetningu ákærvaldsins, tölfræði mála og aðrar áherslur ríkissaksóknara gagnvart ákærendum ásamt því sem efst er á baugi hverju sinni vegna meðferðar sakamála. Að auki sækja ákærendur héraðssaksóknara fræðslunámskeið ríkissaksóknara og fræðslufundi sem Ákærendafélag Íslands stendur fyrir.

## 4. Umfjöllun um helstu verkefni starfssviða

Á *saksóknarsviði 1* fer fram saksóknarmeðferð mála er varða alla helstu brotaflokka almennra hegningarlaga, annarra en auðgunarbrot, svo sem ofbeldis- og kynferðisbrota, meiriháttar brota gegn ávana- og fíkniefnalögum, svo og einnig vegna margvíslegra annarra brota gegn ákvæðum sérrefsilaga.

Á *saksóknarsviði 2* fer fram saksóknarmeðferð mála er varða fjármuna- og efnahagsbrot, meiriháttar brot gegn ákvæðum skattalaga, tollalaga, samkeppnislaga, laga er gilda um fjármálastarfsemi og fjármáلامarkaði og meiriháttar brot gegn lögum sem gilda á sviði umhverfismála, vinnulöggjafar, laga og reglna um hugverkarétt, o.fl.

Á *rannsóknarsviði* embættisins fara fram rannsóknir sakamála er varða meiriháttar efnahags- og skattalagabrot, fjármunabrot og önnur verkefni sem einnig eru talin upp hér áður undir saksóknarsviði 2. Rannsóknarsvið annast einnig rannsóknir brota gegn valdstjórninni samkvæmt XII. kafla almennra hegningarlaga, auk þess að annast rannsóknir mála er varða brot í opinberu starfi, annarra en starfsmanna héraðssaksóknara en forræði rannsókna á síðastnefndum málum er í höndum embættis ríkissaksóknara.

Á *rekstrar- og stjórnslusviði* fer fram öll fjármálaumsýsla, umsjón með starfsmannamálum héraðssaksóknara og öðrum innri málum, verkefnum er varða innkaup og aðföng, skjalastjórn og upplýsingamál, auk þess sem sviðið fer með ábyrgð á margvíslegri stoðþjónustu og öðrum stjórnslutengdum verkefnum.

*Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu* annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þar eru upplýsingar greindar og þeim miðlað til hlutaðeigandi yfirvalda til frekari meðferðar, s.s. rannsóknar og saksóknar. Skrifstofan nýtur faglegs sjálfstæðis gagnvart öðrum starfseiningum embættisins.



## 5. Umfjöllun um helstu markmið starfssviða

Meginmarkmið og leiðarljós héraðssaksóknara eru að annast rannsóknir sakamála og ákæru-meðferð þeirra í samræmi við lagafyrirmæli með skilvirkum og vönduðum hætti.

Öll framangreind svið embættisins hafa sett sér markmið og árangursmælikvarða og vinna samkvæmt verklagsreglum sem um verkefni og starfsemina gilda.

Meginmarkmið á *saksóknarsviði 1* er bætt málsmeðferð í kynferðisbrotamálum. Að ákvörðun um saksókn í kynferðisbrotamálum liggi fyrir sem fyrst og málsmeðferð héraðssaksóknara sé skilvirk og vönduð um leið og gætt sé að málshraða.

Meginmarkmið á *saksóknarsviði 2* hefur verið að gera átak í að ljúka meðferð skattamála sem beðið hafa meðferðar vegna úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu og Hæstaréttar Íslands. Þá er einnig markmið á sviðinu að ljúka meðferð svonefndra hrunmála en í því felst að rannsóknnum og saksóknarmeðferð verði lokið.

Bæði *saksóknarsvið* hafa vandaða málsmeðferð að markmiði. Í því felst meðal annars að vanda til ákvarðana í þeim tilfellum þegar ákæra er gefin út í sakamáli og einnig vanda til ákvarðana um niðurfellingu mála, um að rannsókn mála sé hætt og um frávísun kæru. Er markmið að slíkar ákvarðanir séu staðfestar af æðri ákæruvaldshafa, embætti ríkissaksóknara, í miklum meirihluta tilfella. Í þessu felst nánar tiltekið að rökstuðningur ákvarðana héraðssaksóknara í slíkum tilvikum sé vandaður og standist kröfur.

Á *rannsóknarsviði* er meginmarkmið um að gætt sé að málshraðareglu laga um meðferð sakamála um leið og gæði rannsókna og vandvirkni séu tryggð og leitast er við að upplýsa mál. Í þessum efnum er m.a. stuðst við markmiðssetningu ríkissaksóknara og fyrirmæli þess embættis en jafnframt sett innri markmið um málshraða að því er varða upphaf og lok rannsókna og þætti sem embættið getur leitast við að hafa áhrif á, m.a. með skipulagi og forgangsröðun verkefna.

Á *rekstrar- og stjórnslusviði* er gætt að því að rekstur sé innan fjárheimilda og sé skilvirkur og hagkvæmur. Þá hafa verið sett markmið á sviði vinnuumhverfis og umhverfismála í tengslum við verkefnið „Græn skref“ ([www.graenskref.is](http://www.graenskref.is)).

Embættið starfar samkvæmt markmiði um að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu störf að teknu tilliti til stöðu og ábyrgðar og var markmiði embættisins náð um að uppfylla kröfur um ferli jafnlaunavottunar/jafnlaunastaðals fyrir árslok 2019 og hljóta jafnlaunavottun.

Að því er varðar upplýsingakerfi, upplýsingatækni og margvíslegan aðbúnað hefur innri vefur embættisins reynst mikið framfaraskref varðandi margskonar upplýsingamiðlun innan embættisins milli starfseininga og gagnvart starfsfólki. Þá festi embættið kaup á nýju gagna- og upplýsingakerfi (GoAML) vegna starfsemi skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í árslok 2018 og var unnið að uppsetningu og innleiðingu þess á árinu 2019.

Við almenna markmiðssetningu embættis héraðssaksóknara er stuðst við nokkur grunngögn er varða starfsemi og rekstur ákærvalds- og löggæslustofnunar. Er þar m.a. um að ræða markmiðssetningu samkvæmt fjármálaáætlun ríkisstjórnar, leiðbeiningum og tilmælum sem embætti ríkissaksóknara hefur sett fram og varða ákærvaldið, markmiðssetningu fjárlagafrumvarps, stefnumótun ríkisaðila í A-hluta til a.m.k. þriggja ára, sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál, svo og einnig margvísleg önnur gögn sem embætti héraðssaksóknara vinnur með og varðar starfsemina.

Þau meginmarkmið sem sett eru samkvæmt fjármálaáætlun felast einkum í því að tryggja öryggi almennings, gagna og upplýsinga. Einnig að tryggja umhverfi og eignir og samhæfa varnir og viðbrögð við hamförum, hvers eðlis sem þær eru. Þá eru sett fram meginmarkmið um að aðgangur að réttarvörslukerfinu sé greiður, málsmeðferð sé réttlát, mannréttindi séu virt og að traust ríki til stofnana réttarvörslukerfisins. Þá er enn fremur um að ræða meginmarkmið um að fjármunir ríkisins og málsaðila séu nýttir með hagkvæmum hætti. Markmiðssetning er varðar ákærvaldið hefur einkum varðað málshraða og gæði ákærvaldsstarfa svo og einnig að vinna að því að ljúka eldri málum.

## 6. Almenn umfjöllun um markmið, áherslur og árangursmat

Hér á eftir verður fjallað um helstu áherslur og aðgerðir og leitast við að leggja mat á árangur af starfsemi héraðssaksóknara vegna verkefna embættisins á árinu 2019 út frá helstu markmiðum og árangursmælikvörðum sem embættið hefur sett sér.

### 6.1 Áherslur og aðgerðir

Í tengslum við meginmarkmið um að aðgengi að réttarvörslukerfinu sé greitt, málsmeðferð réttlát og mannréttindi virt í hvívetna er m.a. horft til málshraðareglu og fyrirmæla sem embætti ríkissaksóknara gefur út.

### 6.2 Stytting málsmeðferðartíma og málshraðamarkmið.

Rík áhersla hefur verið lögð á styttingu málsmeðferðartíma í kynferðisbrotamálum, vandaða málsmeðferð og mál er varða unga þolendur og gerendur, en þessi sakamál eru til meðferðar á *saksóknarsviði 1*. Hefur ríkissaksóknari lagt sérstaka áherslu á þennan brotaflokk og mælt fyrir um að hann skuli vera í sérstökum forgangi meðferðar ákærvaldsins.

Að mati embættisins hefur orðið nokkuð jákvæð þróun í styttingu málsmeðferðartíma vegna kynferðisbrotamála á undanförunum árum. Er þessu m.a. lýst nánar í ársskýrslu 2018. Á árinu 2019 voru sérstaklega skoðuð sakamál vegna brota gegn 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga (nauðgun ofl.) sem voru afgreidd af héraðssaksóknara á árinu 2019, annaðhvort með útgáfu ákæru eða að málin voru felld niður. Meðal afgreiðslutími þessara mála eru 202 dagar. Lengsti tíminn sem fór í afgreiðslu máls var 571 dagar en það mál hafði raunar verið sent í framhaldsrannsókn. Styðsti afgreiðslutími máls nam einungis 9 dögum.

Afgreiðslutími fór yfir 12 mánuði í þremur málum en þau fóru öll í framhaldsrannsókn. Þá fór málsmeðferðartími yfir 6 mánuði í alls 58 málum. Um er að ræða sérstaklega mikilvægan brotaflokk hjá lögreglu og ákærvaldi og því afar brýnt að gætt sé sérstaklega að málshraða um leið og tryggð eru gæði rannsóknar og saksóknar.

### 6.3 Fjöldi ákæruskjala.

Heildarfjöldi útgefina ákæruskjala embættis héraðssaksóknara á árinu 2019 nemur alls 214 ákærum. Þar af voru gefnar út 175 á saksóknarsviði 1 og 39 á saksóknarsviði 2. Mesta breytingin er að fjöldi ákæruskjala á saksóknarsviði 2 meira en tvöfaldast milli árána 2018 og 2019, fer úr 18 ákærum og upp í 39. Umfangið á saksóknarsviði 1 er á hinn bóginn svipað og verið hefur undanfarin ár og ekki unnt að greina einhverja sérstaka þróun þar þótt fjöldi ákæruskjala dragist lítillaga saman milli árána 2018 og 2019.

## 6.4 Tölfræði og verkefni rannsóknarsviðs

Rannsóknarsvið embættisins annast rannsókn skatta- og efnahagsbrota í víðu samhengi. Undir það geta fallið alvarleg fjármunabrot, skattalagabrot, peningaþvætti sem og brot á ýmsum sérrefsilögum. Mörg þessara mála eru mjög umfangsmikil og krefjast úrvinnslu og yfirlegu rannsóknarhópa. Oftar en ekki þarf að ráðast í aðgerðir tengt rannsókn málanna, húsleitir, handtökur, yfirheyrslur, rannsaka rafræn gögn, vinna fjármálagreiningar, framkvæma eignakannanir og haldleggja/kyrrsetja eignir, auk þess sem sum málanna hafa alþjóðlegar tengingar sem kallar á erlendar réttarbeiðnir og rannsóknaraðgerðir erlendis.

Rannsóknarsvið aðstoðar einnig önnur embætti varðandi peningaþvætti og haldlagningu ávinnings af brotum. Þá fer sviðið einnig með framkvæmd og rannsóknaraðgerðir í tengslum við réttaraðstoð við önnur ríki í samræmi við þær erlendu réttarbeiðnir sem vísað er til embættisins frá embætti Ríkissaksóknara.

Fjölgun og styrking á skrifstofu fjármálagreininga lögreglu (áður peningaþvættisskrifstofa) hefur haft þau áhrif að greiningum sem þaðan berast hefur fjölgað mikið, auk þess sem þær eru margar hverjar umfangsmeiri en áður var og kalla á ítarlegri rannsókn á mögulega skipulögðum brotum. Aukningin á greiningum frá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu er yfir 100% síðustu tvö árin. Við frekari fjölgun starfsmanna á skrifstofunni blasir við að þeim greiningum mun enn fjölga sem hefur þá einnig áhrif á verkefni sem þarf að sinna af rannsóknarsviðinu. Nánari umfjöllun um skrifstofu fjármálagreininga lögreglu er í 7. kafla.

Alls bárust rannsóknarsviði embættisins 150 mál á árinu 2019 sem tengjast alvarlegum fjármunabrotum. Af þeim voru flest frá Skattrannsóknarstjóra ríkisins eða 82 mál. Mál berast einnig frá öðrum aðilum, s.s. stjórnvöldum, stofnunum, lögaðilum og einstaklingum, ásamt því sem embættið getur einnig hafið rannsókn sakamáls að eigin frumkvæði. Alls bárust 24 greiningar frá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu til frekari rannsóknar og meðferðar rannsóknarsviðs. Níu mál vörðuðu beiðnir um réttaraðstoð frá öðrum ríkjum.

Sú skylda hvílir á skiptastjóra þrotabús að senda embætti héraðssaksóknara tilkynningu ef grunur vaknar um að auðgunar- eða skattalagabrot hafi verið framið í rekstri hins gjaldþrota félags síðustu misseri fyrir gjaldþrot. Á árinu 2019 bárust embættinu 112 slíkar tilkynningar.

Allar tilkynningar frá skiptastjórum þrotabúa sem berast embættinu á grundvelli 84. gr. laga nr. 21/1991, eru teknar til sérstakrar skoðunar og sakargreiningar hjá embættinu. Almennt séð getur meðferð og úrlausn þeirra verið eftirfarandi:

\*Ef grunur er um stórfelld skattalagabrot í rekstri félags er tilkynning framsend Skattrannsóknarstjóra ríkisins, til þóknanlegrar meðferðar.

\*Ef grunur er um minniháttar auðgunarbrot í rekstri félags er tilkynning framsend viðkomandi lögreglustjóra, til þóknanlegrar meðferðar.

\*Ef grunur er um stórfelld auðgunarbrot í rekstri félags er málið tekið til rannsóknar hjá embætti héraðssaksóknara, en er ekki framsent til annarra embætta.

\*Ef grunsemdir samkvæmt tilkynningu eiga ekki við rök að styðjast kann slíku máli að vera vísað frá eða ef rannsókn er hafinn sé henni hætt.

Áhersla hefur verið aukin á upptöku ólögmæts ávinnings af brotastarfsemi og að fjármunir séu haldlagðir eða kyrrsettir á fyrri stigum máls. Upplýsingar um haldlagningu og kyrrsetningu á árinu 2019:

<b>2019</b>	
Haldlagt bankareikningar	66.390.091 kr
Haldlagðir bankareikningar/kyrrsettar fasteignir – SRS	1.547.309.504 kr
Kyrrsetningar fasteigna	538.739.426 kr
hlutabréf	650.451 kr
<b>Samtals:</b>	<b>2.153.089.472 kr</b>

Rannsóknarsvið embættisins hefur einnig veitt margvíslega rannsóknaraðstoð við önnur embætti á árinu 2019. Ber þar hæst aðstoð við fjármálagreiningar og vinna með fjármálagögn og leiðbeiningar til annarra embætta tengt slíkum verkefnum.

Rannsóknarsvið annast einnig verkefni er varða boðanir einstaklinga fyrir dóm og birtingu fyrir kalla og dóma í sakamálum, auk flutninga gæslufanga fyrir dóm, vegna kröfu um framlengingu gæsluvarðhalds eða flutninga til að færa ákærða til aðalmeðferðar. Tveir rannsakendur eru með slík verkefni að jafnaði, en oft í mánuði getur komið upp sú staða að fleiri lögreglumenn af rannsóknarsviðinu þurfa að taka þátt í þessum verkefnum.

Þá má geta þess að þrír fulltrúar af rannsóknarsviðinu sinna alfarið rannsókn mála sem snúa að brotum gegn valdstjórninni, sem og brotum lögreglumanna í opinberu starfi. Mál sem komu til rannsókna og meðferðar rannsóknarsviðs á árinu 2019 vegna meintra valdstjórnarbrota voru 168 en mál vegna kæru á hendur starfsmanni lögreglu voru 16 mál.

## 6.5 Alþjóðleg samvinna á sviði sakamála.

Á hverju ári er embættinu falinn nokkur fjöldi réttarbeiðna erlendis frá til meðferðar af embætti ríkissaksóknara. Er þar oftast um að ræða beiðni um öflun gagna til notkunar við meðferð sakamála erlendis en einnig kann að vera um að ræða beiðni um skýrslutökur yfir einstaklingum hér á landi og þá oftast vitnum.

Þátttaka embættisins í samstarfi erlendra ákærvalds- og löggæslustofnana á sviði refsiréttar og sakamálaréttarfars er allnokkur. Starfsfólk héraðssaksóknara tekur þátt í og ber ábyrgð á margvíslegu samstarfi í nefndum og ráðum er varða verkefni lögreglu og ákærvalds, bæði á

alþjóðavísu, í Evrópu, og á norrænum vettvangi. Nefna má samstarf á sviði forvarna og aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, aðgerða gegn spillingu, samstarf er varðar upptöku á ólögum ávinningi afbrota, þátttöku í Norræna sakfræðiráðinu og á vettvangi Eurojust og á fleiri verkefnasviðum ákærvaldsins. Þá kemur embættið einnig að rekstri fastafulltrúa íslensku lögreglunnar hjá evrópsku lögreglunni Europol.

Á árinu 2019 hélt embætti héraðssaksóknara hina árlegu Norrænu efnahagsbrotaráðstefnu en allur undirbúningur, skipulag og stjórnun var í höndum embættisins. Var ráðstefnan haldin í Vestmannaeyjum í lok ágúst mánaðar. Heppnaðist hún mjög vel og var hlutur heimamanna í skipulaginu ekki síður mikilvægur og með miklum ágætum. Á ráðstefnunni koma saman helstu lykilstjórnendur og sérfræðingar efnahagsbrotastofnana lögreglu og ákærvalds á Norðurlöndunum og bera saman bækur sínar, fjalla um mikilvæg mál og það sem efst er á baugi hverju sinni í löndunum.

## 6.6 Aukin menntun og þjálfun ákæranda og rannsakenda.

Ákærendur hjá embætti héraðssaksóknara sækja námskeið embættis ríkissaksóknara sem boðið er upp á þar sem farið er yfir helstu meginreglur sakamálaréttarfars, refsiréttar og dómafordæmi auk þess sem horft er til helstu nágrannalanda við framsetningu og kennslu. Þá sækja ákærendur embættisins einnig margvíslega aðra fræðslufundi hjá m.a. ríkissaksóknara og Ákærendafélagi Íslands. Að auki sækja lögreglumenn embættisins og ákærendur námskeið hjá Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu og á erlendri grundu hjá Eurojust (evrópsku réttaradstoðinni), evrópska lögregluskólanum (CEPOL) og Europol (Evrópulögreglunni).

## 6.7 Markmið um fjárhagslegan rekstur.

Til að ná því markmiði að fjárhagslegur rekstur embættis héraðssaksóknara sé góður og uppfylli kröfur er byggt á meginmarkmiði um að fjármunir ríkisins og málsaðila séu nýttir með hagkvæmum hætti.

Embætti héraðssaksóknara var rekið innan fjárheimilda á árinu 2019 en um rekstur embættisins er vísað til umfjöllunar í 8. kafla.

## 7. Umfjöllun um netbrot

Flestir dvelja drjúga stund á internetinu á degi hverjum. Þar á fólk í samskiptum við vini og kunningja, borgar reikninga, verslar vörur og þjónustu, fylgist með heimanámi barnanna, deilir íþróttaafrekum, skipuleggur frí og spilar leiki svo eitthvað sé nefnt. Samkvæmt nýjustu upplýsingum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins er talið að 99% Íslendinga á aldrinum 16 til 74 ára noti internetið reglulega. Internetið eða netið, eins og það er oftast kallað, hefur ekki bara einfaldað líf okkar og opnað fyrir okkur heiminn heldur einnig gert okkur útsettari fyrir annars konar brotum en við höfum áður þekkt. Auðkennisþjófnaður, svikapóstar, fjársvik og kynferðisbrot þar sem nýtt eru nettengd tæki við framkvæmd brotanna hafa margfaldast á síðustu árum svo ekki sé minnst á netárásir og tölvuvírusa sem beint er að fyrirtækjum og opinberum stofnunum. Allt flokkast þetta undir það sem í daglegu tali er kallað netbrot.

Með talsverðri einföldun má í raun segja að netbrot geti annars vegar verið afbrot sem eiga sér stað á netinu í gegnum tölvu eða annarskonar nettengt tæki og beint er að annarri tölvu, netþjóni eða annarskonar nettengdu tæki. Sem dæmi um slík brot er nærtækast að nefna netárás sem Reiknistofa bankanna varð fyrir af hálfu erlendra aðila sem tókst að brjótast inn fyrir ysta lag kerfis stofnunarinnar áður en árásarinnar varð vart. Árásin hafði í för með sér að truflanir urðu á netbönkum, posakerfum og hraðbönkum í skamman tíma. Til að rannsaka og takast á við brot sem þessi reynir á sérhæfða þekkingu á sviði upplýsingatækni. Til að mynda er á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar rekin netöryggisveit, CERT-ÍS, sem ætlað er að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í þeim tölvukerfum sem falla undir starfssvið hennar. Þá hafa einkaaðilar eins og Syndis og SecureIT þjónustað fyrirtæki og stofnanir sem verða fyrir netárásum líkt og þá sem Reiknistofa bankanna varð fyrir. Netbrot geta sömuleiðis verið hefðbundin brot sem stigmagnast með notkun netsins. Þá hefur framkvæmd brotanna færst yfir á netið og/eða beitt er nýrri tækni við framkvæmd þeirra. Sem dæmi um þetta má nefna mál sem tengist hvarfi hinnar norsku Anne-Elisabeth Hagen sem upphaflega var talið að hefði verið rænt. Við rannsókn málsins kom í ljós að eiginmaður Anne-Elisabeth hafði verið krafinn um greiðslu lausnargjalds sem hann hafði greitt. Greiðslan fór ekki fram með afhendingu norskra seðla á ákveðnum stað og stund heldur með rafmyntinni Monere en lögreglu hefur ekki enn tekist að rekja hver var viðtakandi greiðslunnar. Þá hafa flestir heyrt af málum þar sem brotið er kynferðislega gegn fólki í gegnum samskiptaforrit eins og Snapchat og aldrei hefur verið auðveldara fyrir barnaníðinga að finna fórnarlömb með aðstoð huliðsnetsins (e. Dark Web). Þá hafa komið upp fjöldi fjársvikamála þar sem hérlendum fyrirtækjum hafa borist tölvupóstar í nafni viðskiptafyrirtækja þar sem óskað er eftir því að reikningar verði framvegis greiddir inn á nýja bankareikninga sem reynast síðan ekki vera á vegum viðskiptavinarins. Þegar upp kemst um svikin er yfirleitt ómögulegt að endurheimta peningana þar sem þeir hafa í flestum tilvikum verið færðir inn á aðra bankareikninga þannig að flókið getur reynst að rekja ferð þeirra. Þetta er sá hluti netbrota sem lögregla og ákærvald hafa einna helst verið að fá inn á borð til sín á síðastliðnum

árum. Þetta breytta form hefðbundnari brota hefur ekki auðveldað rannsóknir sakamála heldur þvert á móti gert lögreglu og ákærvaldi mun erfiðara fyrir.

Samkvæmt nýjustu skýrslum Europol hefur orðið gríðarleg aukning á netbrotum í flestum ríkjum Evrópu en á sama tíma hefur dregið úr hefðbundnum brotum. Algengustu netbrotin í dag tengjast flest ýmiskonar þjófnaði á gögnum og auðkennum. Gögnin eða auðkennin sem komist er yfir eru síðan meðal annars notuð til ýmiskonar svika, kynferðisbrota og fjárkúgana. Á þetta reyndi í máli Héraðsdóms Reykjaness nr. 299/2018 í hinu svokallaða Snapchatmáli. Þar voru málsatvik þau að í mars 2015, hóf ungur maður samskipti við skólasystur sína á samskiptaforritinu Snapchat, sem annar maður, sem hann vissi að skólasystir hans hreyfst af. Með því að nota auðkenni hins mannsins þ.e. raunverulegt nafn og myndir sem hann fann á netinu tókst honum að sannfæra skólasystur sína um að hann væri hinn maðurinn og stofna til sambands við hana. Þannig nýtti hann sér villu skólasystur sinnar og fékk hana til að senda sér kynferðislegar myndir sem hann notaði síðan til að þvinga hana til kynmaka með öðrum karlmönnum og sömuleiðis að taka upp kynmökin og senda til hans. Maðurinn mælti sér einnig í tvígang mót við stúlkuna á hóteli þar sem hann hafði við hana samræði en hann fór fram á að hún væri með bundið fyrir augun á meðan á stefnumótum þeirra stæði. Í byrjun árs 2017 lagði stúlkan fram kæru fyrir kynferðisbrot á hendur manninum sem skólabróðir hennar þóttist vera. Það var ekki fyrr en við lögreglurannsóknina að upp komst um blekkinguna og í ljós kom að stúlkan hafði lagt fram kæru á hendur röngum aðila. Erfitt er að ímynda sér að án net-tengdra tækja hefði verið hægt að fremja afbrot sem þetta.

Allir geta verið fórnarlömb netbrota. Allt frá ríkistjórnnum og alþjóðlegum stórfyrirtækjum til ungra barna. Árið 2018 varð til að mynda fjöldi fólks fyrir barðinu á vefveiðum í nafni lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fólkíð fékk sendan tölvupóst frá tölvupóstfangi sem var nánast alveg eins og það sem lögreglan notar og í póstinum var auðkenni lögreglunnar, lögreglustjarnan, notuð til að villa um fyrir viðtakendunum sem boðaðir voru á lögreglustöðina við Hverfisgötu í skýrslutöku. Til þess að viðtakendur póstsins gætu nálgast frekari upplýsingar um málið voru þeir síðan hvattir til að fara inn á tiltekna vefslóð þar sem þeir voru beðnir um að slá inn kennitölu sína og auðkennisnúmer sem þeim hafði verið sent með póstinum. Enn í dag er ekki vitað hver eða hverjir stóð að baki þessum svikapóstum. Þeir sem brjóta af sér á netinu geta eins og þolendur netbrota verið eins ólíkir og þeir eru margir en þeir geta verið allt frá skipulögðum glæpahópum yfir í ung börn.

Það sem er áhugavert við netbrot er að þrátt fyrir mikla aukningu þeirra benda innlendar og erlendar rannsóknir til þess að einungis sé tilkynnt um 15-25 % allra brota sem eiga sér stað á netinu. Ekki er vitað með vissu hvað veldur því að þetta hlutfall er svo lágt en talið er að líklegustu skýringarnar séu að þolendur átti sig stundum ekki á því að brotið hafi verið á þeim eða þeir telja brotin ekki nægilega alvarleg. Þá telja margir að lögreglan muni ekki aðhafast í málum þeirra eða að þeir einfaldlega skammist sín fyrir að hafa látið blekkjast. Þá er ljóst að forsvarsmenn fyrirtækja sem verða fyrir netárásum og netveiðum kunna að veigra sér við að tilkynna um brotin af ótta við að slíkt hafi áhrif á ímynd og markaðsvirði fyrirtækjanna og



sömuleiðis kann að vera ef gögnum er stolið að þeir óttist að hafa gerst brotlegir við ákvæði persónuverndarlaga um vörslur gagna. Af þessu má ráða að gríðarlega mikilvægt er að almenningur, fyrirtæki og stofnanir séu vel upplýst um þær hættur sem leynast á netinu, hver rétt viðbrögð við þeim eru og hvert beri að tilkynna um meint brot. Þá er ekki er nóg að brotin skili sér inn á borð lögreglu því þar þarf að vera reiðubúinn breiður hópur starfsmanna sem hefur þekkingu til að rannsaka brotin hratt og örugglega, og getu til að tryggja rétt gögn og til að fylgja málunum eftir í gegnum réttarvörslukerfið þannig að þeir sem standa fyrir brotunum séu dregnir til ábyrgðar. Einnig er mikilvægt að tryggja samvinnu lögreglu við stofnanir og fyrirtæki sem sérhæfa sig í að takast á við flóknari netbrot. Í þessu sambandi má benda á að í maí sl. var af hálfu samgöngu og sveitastjórnarráðuneytisins, persónuverndar, Cert-Ís og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu einnig sett á laggirnar vefgátt um öryggisatvik þar sem stofnunum og fyrirtækjum gefst kostur á að tilkynna um öryggisbresti tengdum netárásum eða netglæpum auk atvika er varða vernd persónuupplýsinga. Áhugavert verður að sjá hvort tilkynningum netbrota fjölgi með tilkomu vefgáttarinnar og þá hvort brotin sem skila sér þangað inn séu ólík þeim sem hafa verið að berast inn á borð lögreglunnar hingað til.

Af þessari stuttu umfjöllun er ljóst að lögregla og ákærvald standa frammi fyrir gríðarlegum áskorunum á sviði netbrota og að miklu skiptir að kerfið sé í stakk búið til að takast á við þau með auknum mannskap, með þekkingu á sviði upplýsingatækni, bæði við rannsókn og saksókn, viðeigandi tæknibúnaði og samvinnu við sérhæfðari fyrirtæki og stofnanir

## 8. Verkefni skrifstofu fjármálagreininga lögreglu

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu hjá héraðssaksóknara (FIU, Financial Intelligence Unit) annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Hinn 1. janúar 2019 voru samþykkt á Alþingi ný heildarlög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Markmið laganna er að koma í veg fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka með því að skylda aðila sem stunda starfsemi er kann að verða notuð til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka til að þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra og tilkynna um það til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu vakni grunur um eða verði þeir varir við slíka ólögmæta starfsemi.

Skrifstofan fjármálagreininga lögreglu tekur á móti tilkynningum um viðskipti þar sem grunur er um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, aflar eftir atvikum nauðsynlegra viðbótarupplýsinga og miðlar síðan þeim greiningum til hlutaðeigandi yfirvalda til frekari meðferðar. Greiningar sem skrifstofa fjármálagreininga lögreglu framkvæmir eru annars vegar aðgerðagreining, sem beinist að einstökum málum eða tilteknum viðfangsefnum eða viðeigandi völdum upplýsingum, allt eftir tegund og umfangi fyrirbyggjandi upplýsinga og notkun þeirra að greiningu lokinni, og hins vegar stefnumiðuð greining, sem ætlað er að greina þróun og mynstur við peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu er sjálfstæð starfseining hjá héraðssaksóknara. Í því felst m.a. að skrifstofan nýtur faglegs sjálfstæðis og aðgangsskorður eru settar hvað aðra starfsemi varðar. Þar var eitt stöðugildi árið 2016 en fjölgaði í þrjú á árinu 2017, í sex á árinu 2019 og í átta árið 2020

Á árinu 2019 sinntu starfsmenn skrifstofu fjármálagreininga lögreglu hefðbundnum verkefnum er varða tilkynningar frá tilkynningarskyldum aðilum samkvæmt lögum sem og öðrum aðilum, en jafnframt greiningu upplýsinga, miðlun, nánari uppbyggingu starfseminnar og fræðslu en auk þess var viðamikill hluti starfsins eftirfylgni vegna fjórðu úttektar FATF á fjármálakerfinu á Íslandi sem nánar er fjallað um í kafla 7.1. Þá voru enn fremur unnin margvísleg önnur stjórnarsýsluverkefni er varða málefna sviðið auk þess sem starfsmenn tóku þátt í samstarfi systurskrifstofa um allan heim og yfirvalda hér á landi og erlendis. Þá var einnig unnið að innleiðingu nýs kerfis, goAML, sem móttækur tilkynningar frá tilkynningarskyldum aðilum en það var ein af kröfum FATF að skrifstofan fengi nýtt kerfi sem tæki við þessum tilkynningum.

Fjöldi tilkynninga til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu nam alls 1646 á árinu 2019 en var 1203 árið 2018. Hefur tilkynningum því fjölgað umtalsvert eða sem nemur um 33% sem er í takt við stóraukin umsvif starfseminnar á þessu sviði. Tölurnar voru 659 fyrir árið 2016 og 991 tilkynning á árinu 2017.

## 8.1 Fjórða úttekt FATF á fjármálakerfi og vörnum Íslands vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka

Ísland er aðili að Financial Action Task Force (FATF) sem er alþjóðlegur framkvæmdahópur sem hefur m.a. gefið út tilmæli um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og eru þau notuð í yfir 180 ríkjum í heiminum í dag.

Nokkur umfjöllun var á árinu 2019 um svonefnda fjórðu úttekt framkvæmdahóps FATF á fjármálakerfinu á Íslandi en allt frá árinu 1991 hefur Ísland verið aðili að framkvæmdahópnum og með því skuldbundið sig til að samræma löggjöf og starfsreglur í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka að tilmælum FATF.

Úttekt FATF á fjármálakerfinu á Íslandi fór fram árið 2017 og lokaskýrsla hópsins var svo birt í aprílmánuði 2018. Í kjölfar úttektarinnar setti dómsmálaráðherra á laggirnar sérstakan stýrihóp sem héraðssaksóknari á aðild að sem hefur margþætt hlutverk, m.a. það tryggja eftirfylgni og úrbætur vegna athugasemda FATF, stuðla að samræmdu eftirliti á grundvelli viðeigandi lagaákvæða, stuðla að fræðslu og aukinni þekkingu í málaflokknum og sinna stefnumótun, tryggja yfirsýn, samvinnu og samstillta varnir gegn peningaþvætti og fjármögnunar hryðjuverka, þar á meðal fjármögnun geryðingarvopna.

Allt frá því niðurstöður úttektarinnar voru birtar í apríl 2018 og fram eftir árinu 2019 fór umtalsvert vinnumagn hjá héraðssaksóknara í að bregðast við og vinna að úrbótum. Hvað embættið varðar er stærsta verkefnið fólgið í að setja upp og ljúka innleiðingu á rafrænu skráningarkerfi á skrifstofu fjármálagreininga lögreglu en auk þess þurfti að fjölga starfsfólki skrifstofunnar. Var unnið að þessum verkefnum á árinu 2019. Auk þessara forgangsverkefna kom embættið svo einnig að mörgum öðrum verkefnum sem eru á forræði annarra aðila. Áður er nefnd þátttaka í stýrihópi stjórnvalda en einnig hefur embættið m.a. komið að vinnu við nauðsynlegar breytingar á löggjöf með margvíslegum hætti, m.a. með þátttöku á fundum, skrifum á umsögnum, samráði við stjórnvöld og aðrar stofnanir sem og einnig komið að öðrum verkefnum.


Nánar er unnt að lesa sig til um niðurstöður úttektarinnar og helstu viðbrögð stjórnvalda á vefsíðu stjórnarráðsins.

## 9. Rekstur embættisins

Hér verður fjallað um helstu atriði er varða rekstrarmálefni embættis héraðssaksóknara á árinu 2019.

### 9.1 Mannauðsmál


Á eftirfarandi mynd má sjá fjölda starfsmanna í árslok 2019 en þeir voru samtals 63.



**Fjöldi starfsmanna í árslok 2019**

Ársverk árið 2019 voru rúmlega 55. Munur milli fjölda starfsmanna í starfssambandi og fjölda ársverka er vegna hlutastarfa og ýmiss konar fjarveru starfsmanna í ráðningarsambandi, svo sem vegna fæðingarorlofa og langtímaleyfa.

Konur eru meirihluti starfsmanna en hlutföll kynja 2019 má sjá á myndinni hér á eftir.



Kynjahlutfall starfsmanna í árslok 2019

Héraðssaksóknari hefur gert stofnanasamninga við stéttarfélag starfsmanna en þar er annars vegar um að ræða einn samning við BHM-félag og hins vegar samning við SFR (nú Sameyki).

Héraðssaksóknari hefur sett starfseminni margvíslegar innri reglur er varða annars vegar fagleg verkefni og hins vegar starfsmannahald og rekstur. Embættið hlaut jafnlaunavottun á árinu 2019. Þá hafa verið gefin út leiðbeinandi tilmæli til starfsmanna um innri mál. Embættið vinnur samkvæmt skilgreiningu umhverfisverkefnis um græn skref og hefur sett sér markmið í þeim efnum.

## 9.2 Húsnæði


Héraðssaksóknari er til húsa að Skúlagötu 17 í Reykjavík og er um að ræða leiguhúsnæði sem er 1.665 fm að stærð. Núverandi leigusamningur er frá miðju ári 2016 og gildir til ársins 2031.

## 9.3 Verkefni um græn skref í ríkisrekstri

Héraðssaksóknari tekur þátt í verkefni um græn skref í ríkisrekstri. Verkefnið felst í því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi og efla umhverfisvitund starfsfólks. Fylgt er skýrum gátlistum sem skipt er upp í fimm skref. Hvert skref inniheldur á bilinu 20-40 aðgerðir sem stofnanir þurfa að innleiða í rekstur sinn og miða aðgerðirnar einkum að venjulegri skrifstofustarfsemi. Veitt er viðurkenning fyrir hvert skref sem stofnanir ljúka við. Embættið lauk við fyrsta græna skrefið haustið 2019 og hefur sett sér langtímamarkmið um að ljúka öllum fimm skrefunum um mitt ár 2021. Ásamt grænum skrefum vinnur embættið að verkefni um hjólavottun sem felst m.a. í því að hvetja vinnustaði og innleiða bætta hjólræðameningu, bæta aðbúnað fyrir viðskiptavini og starfsfólk sem leiðir til þess að fleiri velji umhverfisvæna og heilbrigða ferðamáta í daglegu lífi. Verður áfram unnið að þessum verkefnum.


## 9.4 Fjárheimildir og útgjöld

Fjárheimildir og útgjöld embættisins á árinu 2019 hafa verið sem hér segir:



**Fjárheimildir og útgjöld 2019**

Á eftirfarandi mynd má sjá skiptingu útgjalda embættisins fyrir 2019.



**Útgjöld 2019**

## Lokaorð

Með útgáfu ársskýrslu héraðssaksóknara vegna ársins 2019 er veitt innsýn í nokkra lykilþætti starfsemi embættisins, birtar tölulegar upplýsingar um fjölda ákærumála og kærumála og einnig leitast við að leggja mat á árangur af starfsemi embættisins. Ljóst er að hér er á ferðinni verkefni sem er til sífelldrar endurskoðunar um fjöldamarga þætti, m.a. efnistösk, markmið, árangursmat og mælikvarða og er metnaður til að veita upplýsingar sem þýðingu hafa vegna verkefna héraðssaksóknara. Þannig er einsýnt að markmið og mælikvarðar kunna að taka breytingum eftir því sem fram líða stundir en markmið embættisins er að gefa út ársskýrslu á seinni helmingi hvers árs eða sem fyrst eftir að staðfestur ríkisreikningur hvers árs liggur fyrir.